

Ed.

388. Nefndarálit

[181. mál]

um frv. til l. um stjórn fiskveiða 1988–1991.

Frá meiri hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og kvatt til viðtals eftirtalda menn: Vilhjálm Egilsson frá Verslunarráði Íslands, Árna Benediktsson frá félagi Sambandsfiskframleiðenda, Bjarna Lúðvíksson frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna, Dagbjart Einarsson frá Sölusambandi ísl. fiskframleiðenda, Jakob Jakobsson frá Hafrannsóknastofnun, Magnús E. Guðjónsson frá Sambandi ísl. sveitarfélaga, Kristján Ragnarsson frá Landssambandi ísl. útvegsmanna, Guðjón A. Kristjánsson frá Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, Óskar Vigfússon og Hólmgeir Jónsson frá Sjómannasambandi Íslands, Arthur Bogason, Sævar Einarsson, Harald Jóhannesson og Örn Pálsson frá Landssambandi smábátaeigenda, Guðmund Stefán Mariásson frá Félagi rækju- og hörpuðiskframleiðenda og Gunnlaug Claessen ríkislögmann. Þá hafa fulltrúar sjávarútvegsráðuneytisins komið á fund nefndarinnar.

Meiri hl. nefndarinnar leggur til að frumvarpið verði samþykkt með þeim breytingum sem fram koma á þingskjali 389.

Lagt er til að gildistími laganna verði þrjú ár í stað fjögurra.

Þá er gert ráð fyrir að úr 5. gr. frumvarpsins verði felld ákvæði um sérstakt 10% álag á afla sem fluttur er óunninn á erlendan markað hafi hann ekki verið veginn hér á landi.

Varðandi smábáta er lagt til að bátar undir 10 brl., sem stunda línu- og handfæraveiðar, þurfi eingöngu að sæta tímabundnum veiðiböndum eins og verið hefur. Í frumvarpinu er hins vegar gert ráð fyrir að allir bátar 6 brl. og stærri fái sérstök veiðileyfi með aflahámarki. Þessi breyting er í samræmi við samþykktir 46. fiskiþings.

Meiri hl. telur að sem mestur jöfnuður eigi að ríkja varðandi meðalaflahámörk sóknarmarksskipa. Ráðgert er að setja í fyrsta skipti meðalaflahámark á karfaafloa togara. Er í því sambandi nauðsynlegt að tillit sé tekið til þess að útgerðarkostnaður í hlutfalli við aflaverðmæti er meiri við karfaveiðar en við þorskveiðar. Er því eðlilegt að karfaaflahámörk verði hækkuð nokkuð frá því sem lagt er til í drögum að reglugerð um stjórn botnfiskveiða árið 1988. Meðalaflahámörk togara verði sem hér segir (í smálestum):

	<i>Svæði I</i>	<i>Svæði II</i>
39 metrar og styttri: Þorskaflahámark	660	1000
Lengri en 39 metrar: Þorskaflahámark	1160	1650
39 metrar og styttri: Karfaaflahámark	850	100
Lengri en 39 metrar: Karfaaflahámark	1700	600

Þeim togurum, sem velja sóknarmark með meðalaflamarki, verði heimilt að veiða karfa í stað þorsks innan samanlagðra aflahámarka beggja tegundanna.

Minni hl. nefndarinnar skilar séráliti.

Alþingi, 19. des. 1987.

Stefán Guðmundsson,
fundaskr.

Guðmundur H. Garðarsson,
frsm.

Halldór Blöndal.

Jóhann Einvarðsson.